

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes



Reykjavík 1. apríl 2015
UST201503-183/K.S.J.
10.04.02


Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Akraness er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017, á svæðinu Þjóðvegur 13-15. Breytingin felst í því að ofangreint svæði sem hefur verið skilgreint sem óbyggt svæði, verður eftir breytingu skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.

Áætlað er að eftir breytingu verði svæðið nýtt fyrir garðyrkjustöð þar sem verða ræktaðar garðplöntur sem verða til sölu o.fl. Einnig eru áform um ferðamannatengda þjónustu s.s. hestaleigu o.fl.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hverfisverndað svæðið í og við Miðvogslæk og votlendi við Blautós verði ekki raskað.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymistjóri